



Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	16.05.2017
Málalýkili	10.60
Mál nr.	1705191

Til: Bæjarráða Kópavogs, Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Seltjarnarnes og Mosfellsbæjar.

Reykjavík 9. maí 2017.

Efni: Kvöld- og næturakstur

Stjórn Strætó hefur ákveðið að leita umsagnar sveitarfélaga við þeirri tillögu sem samþykkt var í borgarráði Reykjavíkur þann 9. mars s.l. um lengri þjónustutím strætisvagna á kvöldin og næturakstri strætisvagna um helgar.


Fyrir liggur gróft kostnaðarmat við þessum hugmyndum og fylgir minnisblað dagsett 20. Janúar 2017 ásamt tillögum samgöngustjóra Reykjavíkur varðandi lengri þjónustutíma og næturakstur.

Tillögum er skipt í tvennt annarsvegar að stefna að lengri þjónustutíma frá og með ágúst 2017 og hinsvegar varðandi næturakstur að það verði skoðað áfram með sérfræðingum Strætó í samráði við stjórn Strætó.

Ályktun borgarráðs og umsögn frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur er á þá leið að stjórn Strætó skoði málið og hvatt er til samstöðu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um verkefnið.

Óskað er eftir umsögn viðkomandi sveitarfélags við tillögum og óskar svar sent til Jóhannesar S. Rúnarssonar framkvæmdastjóri Strætó fyrir 31. maí 2017.

Virðingarfyllst,


Jóhannes S. Rúnarsson

Sent:

Bæjarráði Kópavogs

Bæjarráði Hafnarfjarðar

Bæjarráði Garðabæjar.

Bæjarráði Seltjarnarnes

Bæjarráði Mosfellsbæjar.

Borgarráð

Strætó – kvöld- og næturakstur

Lagt er til að borgarráð samþykki að vísa tillögum samgöngustjóra dags. 27. febrúar 2017 um lengri þjónustutíma strætisvagna á kvöldin og næturakstur strætisvagna um helgar til meðferðar stjórnar Strætó bs.

Greinargerð:

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 1. mars sl. voru tillögur samgöngustjóra um kvöld- og næturakstur samþykktar og vísað til borgarráðs. Fólu þær m.a. í sér að kvöldakstur strætisvagna verði lengdur frá og með ágúst 2017 þegar ný vetraráætlun tekur gildi og að Strætó bs. verði falið að útfæra nánar tillögur um næturakstur um helgar á 30 mínútna tíðni og senda umhverfis- og skipulagsráði til umfjöllunar. Tillögurnar eru í samræmi við stefnumörkun Reykjavíkur í almenningssamgöngum „Samferða Reykjavík“ og til þess fallnar að gera leiðakerfi Strætó enn aðgengilegra fyrir ýmsa hópa farþega. Þá hefur Strætó m.a. borist beiðni frá Landspítalanum um að lengja akstur á kvöldin svo starfsmenn á kvöldvöktum geti nýtt sér strætisvagnasamgöngur til og frá vinnu.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 2. mars 2017 vegna kvöld- og næturaksturs Strætó bs. ásamt fylgiskjöllum.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Borgarráð Reykjavíkur

Reykjavík 02.03.2017

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 1. mars 2017 varðandi eftirfarandi mál.

Strætó

Lagt fram minnisblað Strætó, dags. 20. janúar 2017, varðandi kostnaðar- og ábatamat vegna kvöld- og næturaksturs Strætó í Reykjavík. Einnig er lagt fram minnisblað Landspítala, dags. 19. janúar 2017. Jafnframt er lagðar fram tillögur samgöngustjóra um kvöldakstur annars vegar og næturakstur hins vegar, dags. 27. febrúar 2017.

*Tillaga samgöngustjóra um kvöldakstur, dags. 27. febrúar 2017, samþykkt.
Tillaga samgöngustjóra um næturakstur, dags. 27. febrúar 2017, samþykkt.
Visað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Harri Ormarsson

Fylgiskjöl: minnisblað Strætó, dags. 20. janúar 2017, minnisblað Landspítala, dags. 19. janúar 2017 og tillögur samgöngustjóra um kvöldakstur og næturakstur dags. 27. febrúar 2017.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 27. febrúar 2017
USK2017020078
5.18

Umhverfis- og skipulagsráð

Borgartún 12-14
105 REYKJAVÍK

Lengri þjónustutími strætisvagna á kvöldin - tillaga

Í minnisblaði Strætó sem kynnt var í umhverfis- og skipulagsráði þann 25. janúar er að finna áætlun um kostnað við að lengja þjónustutíma strætisvagna. Eins og leiðakerfið er byggt upp í dag lýkur akstri almennt um kl. 24:00 alla daga. Þó getur það verið mismunandi eftir leiðum en flestar leiðir hætta þó akstri á tímabilinu frá ca. kl. 23:30 til ca. kl. 24:30. Áætlaður kostnaður við að lengja akstur til kl. 01:00 mánudaga til laugardaga er a.m.k. 120-130 m.kr. á ári. Nánari umfjöllun er að finna í minnisblaði Strætó.

Rekstrarkostnaður leiðakerfis strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu árið 2015 var um 5,4 milljarðar kr. og fargjaldatekjur um 1,7 milljarðar kr. Að öðru óbreyttu má ætla að rekstrarkostnaður hækki um ríflega 2% við það að lengja akstur til kl. 01:00 sex daga vikunnar en erfiðara er að áætla hvort fargjaldatekjur aukist á móti.

Strætó bs. telur, skv. fyrirnefndu minnisblaði, að lenging þjónustutíma á kvöldin muni gera leiðakerfið enn aðgengilegra fyrir ýmsa hópa farþega og gæti mögulega orðið til þess að fá inn nýja farþega í leiðakerfið. Farþegafjöldi á öðrum tímum dags en þeim tíma sem bætt yrði við gæti einnig aukist þar sem fólk gæti þá farið bæði fram og til baka með strætó. Strætó hefur m.a. borist beiðni frá Landspítalanum að lengja akstur á kvöldin með þessum hætti svo starfsmenn á kvöldvöktum geti nýtt sér strætisvagnasamgöngur til og frá vinnu.

Lagt er til að kvöldakstur strætisvagna verði lengdur með þessum hætti frá og með ágúst 2017 þegar ný vetraráætlun tekur gildi. Með samþykki Umhverfis- og skipulagsráðs verður tillögunni vísað til borgarráðs, þá til umfjöllunar í stjórn Strætó bs. og þaðan áfram til annarra sveitarfélaga bygðasamlagsins ef stjórnin ákveður svo.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 27. febrúar 2017
USK2017020078
5.18

Umhverfis- og skipulagsráð

Borgartún 12-14
105 REYKJAVÍK

Naturakstur strætisvagna um helgar - tillaga

Í minnisblaði Strætó sem kynnt var í umhverfis- og skipulagsráði þann 25. janúar er að finna áætlun um kostnað við naturakstur strætisvagna um helgar. Kostnaðurinn við naturakstur er þar áætlaður annars vegar miðað við 30 mínútna tíðni og hins vegar miðað við 60 mínútna tíðni frá kl. 01:30-04:00 á föstudögum og laugardögum á leiðum 1-6. Áætlaður kostnaður við 30 mínútna tíðni yrði a.m.k. 60 m.kr. á ári en 40 m.kr. ef miðað yrði við 60 mínútna tíðni.

Rekstrarkostnaður leiðakerfis strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu árið 2015 var um 5,4 milljarðar kr. og fargjaldatekjur um 1,7 milljarðar kr. Að öðru óbreyttu má ætla að rekstrarkostnaður hækki um ríflega 1% við það að hefja naturakstur á umræddum leiðum á 30 mínútna tíðni. Ekki liggur fyrir hver upphæð fargjalda yrði og því ekki hægt að áætla fargjaldatekjur að svo stöddu.

Í stefnumörkun Reykjavíkur í almenningssamgöngum „Samferða Reykjavík“ sem samþykkt var í borgarstjórn Reykjavíkur þann 16. júní 2015 segir að Reykjavíkurborg „beiti sér fyrir því að Strætó haldi uppi þjónustu þar til að veitinga- og skemmtistaðir loka bæði virka daga og um helgar.“

Lagt er til að sérfræðingum Strætó, í samráði við stjórn Strætó, verði falið að útfæra tillögur um naturakstur um helgar á 30 mínútna tíðni nánar m.a. hvað fargjöld eigi að vera há, hvort nota eigi annað leiðakerfi en að degi til, hvort taka eigi upp farþega annars staðar en í miðborginni o.fl. Ítarlegri tillögur um fyrirkomulag naturaksturs strætisvagna verði sendar Umhverfis- og skipulagsráði til umfjöllunar innan mánaðar.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri



Minnisblað

20.1.2017

Tíðfni

**Akstur lengur á kvöldin og
næturakstur**

Höfundur

Ragnheiður Einarsdóttir

Yfirfarið

Valgerður Gréta Benediktsdóttir

INNGANGUR

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur fór þess á leit við Strætó bs. að gera kostnaðar- og ábatamat á því að aksturstími Strætó verði til kl. 1 virka daga og laugardagskvöld. Einnig að lögð verði drög að því að kanna fýsileika næturaksturs um helgar (aðfaranótt laugardags og sunnudags) á stofnleiðum frá kl. 1:30 á hálf tíma eða klukkustundar fresti til kl. 4.

NÚVERANDI STADA

Eins og leiðakerfið er byggt upp í dag lýkur akstri almennt um kl. 24:00 alla daga en þó getur það verið mismunandi eftir leiðum hvenær nákvæmlega þær ljúka akstri en flestar leiðir hætta þó akstri á tímabilinu frá ca. kl. 23:30 til ca. kl. 24:30. Þetta á við um leiðir 1-6, 11-15, 18, 24, 28, 35, 43 og 44 og er gert ráð fyrir því í meðfylgjandi útreikningum að þessar leiðir fái lengri þjónustutíma, þ.e. til kl. 1. Hins vegar er gert ráð fyrir því að þær leiðir sem aka einungis hluta úr degi og hætta akstri mun fyrr en hér um ræðir haldist óbreyttar. Þetta á við um leiðir 16, 17, 21, 22, 23, 27, 29, 31, 33 og 34.

HVERS VEGNA ÞESSI BREYTING?

Í beiðni Reykjavíkurborgar til strætó koma fram eftirfarandi rök fyrir tillögunni: „Það ætti ekki að vera skilyrði að fara akandi á eigin bíl eða taka kostnaðarsaman leigubíl heim ef kvöldskemmtun lýkur nærri miðnætti. Þátttaka í menningarviðburðum og rómuðu skemmtanalífi borgarinnar ættu ekki að vera forréttindi þeirra sem búa nærri miðborginni eða hafi ráð á leigubílum. Þá verður ekki litið framhjá því að margt vinnandi fólk sem vinnur vaktir eða á ótýpískum tíma sólarhring getur farið á mis við kosti þess að nota strætó á leið til eða frá vinnu ef aksturstíma er þröngt sniðinn stakkur. Markmið Strætó og Reykjavíkurborgar ætti að vera að gera bíllausan líffstíl mögulegan allan sólarhringinn.“

Þetta er einnig í samræmi við stefnumörkun Reykjavíkur í almenningssamgöngum „Samferða Reykjavík“ sem samþykkt var í borgarstjórn Reykjavíkur þann 16. júní 2015. Þar segir að Reykjavíkurborg „beiti sér fyrir því að Strætó haldi uppi þjónustu þar til að veitinga- og skemmtistaðir loka bæði virka daga og um helgar.“



Á tímabilinu september 2015 til september 2016 bárust Strætó þónokkrar ábendingar frá farþegum um að akstur ætti að vera lengur á kvöldin, meira en helmingur þeirra barst á tímabilinu maí – ágúst 2016.

Þar að auki hefur Strætó borist beiðni frá Landspítalanum um að lengja akstur á kvöldin en á Landspítalanum starfa yfir 5000 manns og margir þeirra vinna vaktavinnu. Starfsmenn í vaktavinnu hafa nefnt að þeir geti margir hverjir ekki nýtt sér strætó þar sem strætó hættir að ganga áður en vöktum lýkur á kvöldin. Í viðhengi má sjá minnisblað frá Umhverfisstjóra Landspítala þar sem fjallað er um mikilvægi lengri aksturs strætó á kvöldin fyrir Landspítalann.

Strætó bs. telur að lenging þjónustutíma á kvöldin muni gera leiðakerfið enn aðgengilegra fyrir ýmsa hópa farþega og gæti mögulega orðið til þess að fá inn nýja farþega í leiðakerfið, t.d. fólk sem vinnur fram yfir miðnætti og fólk sem sækir kvikmyndahús eða skemmtanalíf borgarinnar á kvöldin (og á næturnar ef næturstrætó yrði í boði). Farþegafjöldi á öðrum tímum dags en þeim tíma sem bætt yrði við gæti einnig aukist þar sem fólk gæti þá farið bæði fram og til baka með strætó.

KOSTNADARLEG ÁHRIF

Kvöldakstur

Til að fá grófa mynd af kostnaðinum er hér gert ráð fyrir að akstur hætti á slaginu 01:00, og geta þá vagnarnir verið staðsettir hvar sem er í hringnum, en þegar þetta verður sett endanlega upp í kerfinu þá munu leiðirnar þurfa að klára sinn hring og því myndu þær í raun og veru hætta á mismunandi tímum í kringum 01:00 eftir því hvenær það passar að klára hringinn. Sumar væru að hætta fyrir 01:00 og aðrar seinna. Ef gera á ráð fyrir því að leiðir séu að aka síðustu ferð frá miðbænum um kl. 01:00 þá myndi kostnaðurinn vera hærri en hér er gert ráð fyrir þar sem leiðirnar þyrftu þá að klára að aka í hverfin áður en þær hætta.

Miðað við fyrrgreindar forsendur þá myndi kostnaðurinn við að lengja akstur til kl. 01:00 mánudaga til laugardaga vera a.m.k. 120-130 m.kr skv. Remix.

Næturakstur

Kostnaðurinn við næturakstur er hér reiknaður út annars vegar miðað við 30 mínútna tíðni og hins vegar miðað við 60 mínútna tíðni frá kl. 01:30-04:00 á föstudögum og laugardögum á leiðum 1-6. Kostnaðurinn við 30 mínútna tíðni yrði a.m.k. 60 m.kr. og kostnaðurinn við 60 mínútna tíðni yrði a.m.k. 40 m.kr. Í þessu samhengi þarf einnig að huga að fyrirkomulagi vaktakerfis vagnstjóra og gæti það haft áhrif á lokakostnað.

Eftirfarandi atriði þarf einnig að skoða nánar varðandi næturakstur:

- Hvað á fargjaldið að vera hátt? Á það að vera það sama og venjulegt strætófargjald? Eiga áskriftarkort og miðar að gilda í næturstrætó?
- Komið hefur fram hugmynd um að aka leiðir sem yrðu sérstaklega skipulagðar fyrir næturakstur, svipað og gert er á Menningarnótt þegar fólk er ferjað úr bænum.
- Mætti taka upp farþega á leiðinni eða einungis á einni eða tveimur miðlægum stoppistöðvum í miðbænum (t.d. Lækjartorgi)?
- Huga þarf að öryggismálum bæði vagnstjóra og farþega.



Reykjavík, 19. janúar 2017

Efni: Lenging kvöldþjónustu Strætó – þarfir starfsmanna Landspítala

Á Landspítala starfa yfir 5000 manns á 17 starfsstöðvum og stór hluti þeirra er í vaktavinnu. Stærstu vinnustaðirnir eru við Hringbraut og í Fossvogi. Á Grensás, Landakoti, Dalbraut, Kleppi og Víflsstöðum eru einnig hópar starfsmanna í vaktavinnu.

Landspítali vill vera til fyrirmyndar í umhverfismálum og leggur m.a. áherslu á vistvæna og heilsusamlega samgöngumáta starfsmanna. Síðast liðið sumar setti spítalinn sér metnaðarfullt loftslagsmarkmið og skipta ferðir starfsmanna til og frá vinnu þar miklu máli. Landspítali biður starfsmönnum sínum sem ferðast með vistvænum hætti til og frá vinnu upp á samgöngusamning, en hluti þeirra sem eru á samning ferðast með strætó. Í dag eru rúmlega 20% starfsmanna á samgöngusamning, en markmiðið er að þátttaka sé 30%.

Reglulega er fylgst með þátttöku og viðhorfi starfsmanna í ferðavenjukönnunum (2011, 2014 og 2016). Starfsmönnum sem taka strætó er að fjölga; að vetrarlagi eru þeir um 11% árið 2016 en 6% árið 2014 og að sumarlagi um 10% árið 2016 en 6% árið 2014. Þegar starfsmenn eru spurðir um helstu hindranir fyrir því að nota annan ferðamáta en bíl þá tilgreina 18% leiðakerfi strætó og 11% vaktavinnu. Í athugasemdum starfsmanna í könnuninum er tekið fram að ekki er hægt að taka strætó eftir kvöldvaktir, þar sem að strætó gengur ekki nógu lengi, sérstaklega ekki ef þarf að skipta um vagn.

Að lengja ferðir strætó á kvöldin skiptir því sköpum fyrir starfsfólk Landspítala og mun að öllum líkindum gera strætó að fýsilegri kosti fyrir enn fleiri starfsmenn en taka strætó í dag. Nokkur atriði geta skýrt enn frekar stöðuna á Landspítala:

- Kvöldvöktum á Landspítala lýkur ekki alltaf á sama tíma, það er misjafnt eftir starfsstéttum. Almennt eru vaktalok 23:30 en hjá hjúkrunarfræðingum 24:00.
- Gera má ráð fyrir að sumir starfsmenn þurfi að skipta um vagn og í könnunum sem við höfum lagt fyrir starfsfólk spítalans eru ítrekaðar athugasemdir um að starfsmenn á kvöldvöktum geta ekki nýtt sér strætó.
- Allir sem vinna á kvöldvöktum eru markhópur fyrir lengri þjónustutíma strætó. Hér eru innstimplitölur á kvöld- og næturvöktum.

Innstimplanir - meðaltöl		
	Virkir dagar	Helgar
Hringbraut	240	189
Fossvogur	183	151
Aðrir staðir	121	105
Samtals	544	445

- Gera má ráð fyrir að hópur starfsmanna sem býr vítt og breitt á höfuðborgarsvæðinu sé líklegur til að bætast í hóp reglulegra strætónotenda.

Að lengja ferðir strætó á kvöldin er því þjóðþrífamál og muni ýta enn frekar undir breiðari þátttöku vinnandi fólks, að minnsta kosti hér á spítalanum.

Virðingarfyllt,

Hulda Steingrimsdóttir

Hulda Steingrimsdóttir

Umhverfisstjóri Landspítala

Rekstrarsvið

Heilsuverndarstöð, Barónsstíg 47 • 101 Reykjavík • Sími 543 1500 • www.landspitali.is

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03.2026